



Samstarfssamningur Mosfellsbæjar og Skátafélagsins Mosverja

Mosfellsbær kt. 470269-5969 og Skátafélagið Mosverjar kt.240288-2489, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. grein

Tilgangur og markmið samningsaðila

Meginmarkmið samningsaðila er að leitast við að tryggja öflugt og fjölbreytt skátastarf í Mosfellsbæ.

Skátafélagið Mosverjar skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt tómstundastarf undir leiðsögn hæfra leiðbeinenda sem hafa hlotið þjálfun til foringjastarfa innan skátahreyfingarinnar. Leiðarljós í skátastarfinu eru gildi skátastarfs og forvarnir. Samhliða verði leitast við að styðja við einstaklinga eða hópa innan Skátafélagsins Mosverja með sérstökum styrktarsjóði sem stjórn félagsins hefur umsjón með.

Mosfellsbær mun styðja fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um framlag vegna barna- og unglingastarfs, afnota af mannvirki félagsins og með beinum fjárframlögum.

Mosfellsbær hvetur íþrótta- og tómstundafélög bæjarins til að auka framboð íþrótta og tómstunda fyrir börn með sérstakar þarfir og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til samræmis við stefnumörkun Mosfellsbæjar á þeim sviðum á hverjum tíma. Unnt er að sækja um fjárstuðning til menningar-, íþrótta- og lýðheilsusviðs fyrir nýsköpun og þróun verkefna sem styðja við ofangreind markmið.

2. grein

Framlög Mosfellsbæjar

Mosfellsbær greiðir samkvæmt þessum samstarfssamningi Skátafélaginu Mosverjum árleg fjárframlög og skal félagið ráðstafa þeim á eftirfarandi hátt til starfsemi félagsins:

6.289.062 kr. Framlag til barna- og unglingastarfs

Framlaginu skal verja til barna- og unglingastarfs félagsins. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, auk 3,5% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir því hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

1.298.831 kr. Framlag til styrktarsjóðs

Framlaginu skal verja til að styðja almennt við einstaklinga eða hópa innan Skátafélagsins Mosverja, sem eru virkir félagar. Einnig að veita leiðbeinendum félagsins styrk til að efla þá í starfi. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, auk 3,5% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir því hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

1.200.826 kr. Afnot af eigin mannvirkjum

Reiknað framlag Mosfellsbæjar vegna afnota Skátafélagsins Mosverja af eigin mannvirkjum fyrir börn og unglinga félagsins. Þetta tekur til skátaheimilisins að Álafossvegi 18. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á byggingavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, auk 3,5% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

Framlag til greiðslu fasteignagjalda vegna fasteigna í eigu Skátafélagsins Mosverja

Á hverju ári samningstímans skal Mosfellsbær veita Skátafélaginu Mosverjum fjárframlag til greiðslu fasteignagjalda af fasteignum sem eru í eigu félagsins og eru nýttar sem slíkar.

Framlag til sumarstarfa

Mosfellsbær veitir árlega styrk vegna sumarverkefna félagsins sem samsvarar launum fyrir um tvö stöðugildi. Styrkurinn felst í launagreiðslum frá Mosfellsbæ og er ákveðinn í samræmi við sambærileg sumarstörf (16 ára og eldri) hjá bænum. Stjórn Mosverja tekur ákvörðun um hvernig fjármagninu er ráðstafað innan félagsins.

Framlag frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar.

Á sumrin nýtur félagið starfskrafta frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar (börn í 8.–10. bekk), en sækja skal um það fyrir 1. apríl ár hvert. Á hverju árið er metin þörf félagsins til starfskrafta og geta bæjarins til að mæta óskum þess.

3. grein Greiðslur framlaga

Framlög til starfsins eru greidd í tveimur jöfnum greiðslum 1. janúar og 1. júní ár hvert. Greiðslur taka mið af breytingum á vísitölum útgefnum í ágúst árið áður, í fyrsta sinn ágúst 2024 vegna greiðslna fyrir 2025. Gera þarf grein fyrir hvernig framlögin eru nýtt í skýrslum til Mosfellsbæjar þegar eftir því er leitað. Öll framlög til félagsins verða gerð sýnileg á vef bæjarins auk ársuppgjörs Skátafélagsins Mosverja þegar það liggur fyrir eftir aðalfund félagsins ár hvert.

Félagið skal senda Mosfellsbæ reikninga fyrir fjárframlögum skv. þessari grein. Dagsetning reiknings skal vera 1. dagur þess mánaðar sem kveðið er á um í greiðslu framlagsins. Mosfellsbær áskilur sér tvær vikur til úrvinnslu reiknings áður en hann er greiddur. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning félagsins sem tilgreindur er á innsendum reikningi. Félaginu er óheimilt að veðsetja eða ávísa greiðslum skv. samstarfssamningi þessum til þriðja aðila.

Árlegar greiðslufjárhæðir eru ákvarðaðar með fyrirvara um fjárheimildir í árlegri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar.

4. grein

Samskipti samningsaðila

Stjórn Mosverja tryggir að erindi til Mosfellsbæjar fari um stjórn félagsins. Mosfellsbær tryggir að erindi sem berast með öðrum hætti en frá stjórn Mosverja verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar kemur fram fyrir hönd Mosfellsbæjar varðandi undirbúning samningsins. Leiðtogi íþrótt- og lýðheilsamála Mosfellsbæjar annast dagleg samskipti við Mosverja varðandi framkvæmd samningsins.

Framkvæmdastjóri/formaður Mosverja kemur fram fyrir hönd félagsins gagnvart Mosfellsbæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

Skátafélagið Mosverjar tekur þátt í starfi samstarfsvettvangs íþrótt- og tómstundafélaga í Mosfellsbæ.

Íþrótt- og tómstundanefnd fundar einu sinni á ári með fulltrúum Mosverja.

5. grein

Ábyrgð Skátafélagsins Mosverja

Framkvæmdastjóri/formaður félagsins, í umboði stjórnar, skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja að bókhald sé reglulega og réttilega fært og skal það liggja fyrir 31. desember ár hvert.

Allir styrkir og framlög Mosfellsbæjar greiðast til stjórnar og annast framkvæmdastjóri/formaður frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykktar rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.

Stjórn Mosverja ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að þær séu ávallt í samræmi við skráðar áætlanir og samþykktir stjórnar. Aðrar skuldbindingar sem einstakir aðilar innan félagsins kunna að gera án skriflegrar heimildar eða samþykktar stjórnar eru á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna.

Mosverjar skuldbinda sig til að hækka ekki félagsgjöld umfram launavísitölu á samningstímanum. Komi hins vegar til þess að forsendur félagsgjalda breytist, til að mynda ef fundum eða leiðbeinendum er fjölgað, er Mosverjum heimilt að endurskoða félagsgjöld og upplýsa Mosfellsbæ.

Í samræmi við 16. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 og 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 er Mosverjum óheimilt að ráða aðila til starfa, til að sinna börnum og ungmennum yngri en 18 ára, sem hafa hlotið refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skal það sama gilda um aðila sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni síðastliðin fimm ár. Tekur framangreint einnig til sjálfboðaliða sem falin er umsjón með börnum og ungmennum yngri en 18 ára.

IAEH
RA'

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum barna með sérstakar þarfir og barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í samvinnu við Mosfellsbæ. Jafnframt skal félagið vinna jafnréttisáætlun sem skal taka mið af jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar og skipuleggja starf sitt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga. Félaginu ber einnig að taka tillit til lýðheilsu- og forvarnarstefnu Mosfellsbæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða. Mosverjar skulu setja upp áætlanir varðandi fræðslu og viðbrögð við eineltismálum í samvinnu við Mosfellsbæ.

Mosfellsbær áskilur sér rétt til að skilyrða allar fjárveitingar til Mosverja þannig að félagið setji sér siðareglur, viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær. Þá skulu Mosverjar fræða starfsfólk sitt um hvað teljist kynferðisleg áreitni og/eða ofbeldi og hvað teljist annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagráði sem tekur á móti ábendingum og kvörtunum iðkendum og ábyrgðaraðila.

6. grein

Upplýsingaskylda Mosverja

Stjórn Mosverja ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni þegar eftir því er leitað af hálfu fulltrúa Mosfellsbæjar.

Stjórn Mosverja skal leggja fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár eigi síðar en 31. desember ár hvert.

Gögnin verða hluti þeirra upplýsinga sem birtar verða á vef bæjarins um hvernig fjármunum sveitarfélagsins er varið.


7. grein

Endurskoðunarákvæði og gildistími


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Verði meiriháttar breytingar á forsendum fyrir rekstri Mosverja á samningstímabilinu getur félagið óskað eftir viðræðum við Mosfellsbæ. Fyrir 1. september 2027 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2028.

Mosfellsbær 27. febrúar 2025

Fh. Mosfellsbæjar


Regína Asvaldsdóttir
bæjarstjóri

Fh. Skátafélagsins Mosverja


Ísak Árni Eiríksson Hjartar
félagsforingi